

## Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 117

9. mars 2022

*Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans miðvikudaginn 9. mars 2022 kl. 8:30. Mætt: Bergur Þorgeirsson (í fjarveru Helga Hauks Haukssonar), Flosi Sigurðsson, Helenda Guttormsdóttir, Hrefna B. Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari. Gestir fundarins voru Henry Örn Magnússon og Agnar Páll Ingólfsson frá Endurskoðun og ráðgjöf og Hjálmur Hjálmsson frá KPMG.*

*Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson.*

### 1. Fundur settur og fundargerð fyrri fundar borin upp til samþykkt

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust við fundargerðsliðasta stjórnarfundar og var hún samþykkt samhljóða.

### 2. Ársreikningur 2021

Henry Örn Magnússon og Agnar Páll Ingólfsson frá Endurskoðun og ráðgjöf tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað. Þeir fóru yfir ársreikning Menntaskóla Borgarfjarðar fyrir árið 2021.

Hluthafar voru 157 í árslok 2021. Stærsti hluthafinn er Borgarbyggð sem á 91,98%, en næst stærsti hluthafinn er Steypustöðin sem á 5,59%.

Tekjur skólans á árinu 2021 voru 280.553.061 og gjöld voru 281.284.225. Að teknu tilliti til fjármunatekna og gjalda, afskrifta og hlutdeildar í afkomu dótturfélags (Nemendagarða) þá var rekstrartapið 3.205.982. Þessi niðurstaða er í samræmi við fjárhagsáætlun og skýrist m.a af fjárfestingum í mannauði og tækjum í tengslum við skólaþróunarverkefnið Menntun fyrir störf framtíðar í Menntaskóla Borgarfjarðar.

Ársreikningur 2021 var borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

### **3. Skýrsla endurskoðanda**

Harry Örn Magnússon frá Endurskoðun og ráðgjöf fór yfir skýrslu endurskoðanda fyrir 2021.

Undir þessum lið var m.a. rætt um endurskoðun á verkferlum er varðar skráningar á tekjuþáttum í mötuneyti. Mælt er með úrbótum til að einfalda verkferla er snýr að skráningu greiðslna og einfalda verklagið. Skólameistara falið, í samstarfi við fjármálastjóra, að fara í endurskoðun á því fyrirkomulagi sem er nú við lýði.

### **4. Menntaskóli Borgarfjarðar – Staða og tækifæri**

Hjálmur Hjálmsón frá KPMG kynnti skýrslu þar sem gert var grein fyrir niðurstöðum úttektar á stjórnarsýslu MB. Umræður fóru fram í kjölfarið.

### **5. Nemendagarðar**

Skólameistari kynnti fyrir stjórn hugmyndir og stöðu mála með nemendagarða fyrir MB. Umræður fóru fram í kjölfarið Skólameistara var falið að vinna áfram að úrlausn fyrir nemendagarða í samráði við Borgarbyggð.

### **6. Önnur mál**

#### **a) Aðalfundur**

Rætt um dagsetningu aðalfundar MB nk. vor Taka þarf tillit til sveitarstjórnarkosninga sem verða laugardaginn 14. maí.

#### **b) Starfsmannamál**

Rætt um starfsmannamál og hvað er framundan í ráðningarmálum við skólann, m.t.t. framtíðarvers o.s.frv.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 10:57.